

Dómsmálaráðuneytið

Reykjavík, 18. september 2025.

## Umsögn Mannréttindastofnunar Íslands um drög að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks.

Mannréttindastofnun Íslands fagnar því að unnið sé að nýrri aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks. Að mati stofnunarinnar eru drögin í heildina vel unnin og þær aðgerðir sem mælt er fyrir um til þess fallnar að halda áfram á þeirri vegferð sem hafin var með fyrri aðgerðaáætlun auk þess sem mælt er fyrir um nýjar aðgerðir sem miða að því að bæta stöðu hinsegin fólks. Stofnunin hefur þó áhyggjur af því að ýmsar aðgerðir innan áætlunarinnar séu vanfjármagnaðar og hvetur til þess að auknum fjármunum verði varið til einstakra aðgerða svo sem hvað varðar vitundarvakningu og fræðslu.

Þrátt fyrir almenna ánægju með efni aðgerðaáætlunarinnar vill stofnunin koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri:

1. Í drögum að aðgerðaáætluninni er ekki fjallað sérstaklega um fatlað hinsegin fólk. Þó er hætt á því að fatlaðir hinsegin einstaklingar verði fyrir fjölþættri mismunun, vegna fötlunar, hinseginleika og jafnvel geta fleiri breytur átt við, eins og erlendur uppruni. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er mikil áhersla lögð á að verja fatlað fólk fyrir ofbeldi af öllu tagi og að vinna að vitundarvakningu um virðingu fyrir fötluðu fólki, réttindum þess, hæfileikum og framlagi til samfélagsins. Í þessu felst m.a. viðurkenning alþjóðasamfélagsins á þeirri staðreynd að fatlað fólk hefur orðið fyrir og verður enn fyrir miklum fordómum sem m.a. birtist í neikvæðri og lítillækkandi orðræðu, mismunun og ofbeldi af ýmsu tagi hvarvetna í heiminum. Er því full ástæða til að huga sérstaklega að stöðu hinsegin fatlaðs fólks.

Rétt er að benda á að hlutfallslega stór hópur fólks á einhverfurófi er kynsegin með einhverjum hætti. Þessum einstaklingum þarf að mæta af skilningi og þekkingu og gæta þess að þeir fái þjónustu við hæfi og verði ekki mismunað.

2. Aðgerðir nr. 11, 12 og 13 í drögum lúta að hatursorðræðu og hatursglæpum. Ýmis jákvæð skref hafa verið tekin á undanförunum árum svo sem breyting á 233.

gr. a. almennra hegningarlaga og herferðinni *Orðin* okkar. Mannréttindastofnun Íslands fagnar því að fyrirhugað sé að hleypa henni aftur af stokkunum með markvissari og einbeittari hætti. Þá er jákvætt að stefnt sé að því að innleiða reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins, meðal annars um stafræna þjónustu, en með innleiðingunni getur hatursorðræða talist ólöglegt efni. Loks er því fagnað að samræma eigi reglur um vinnulag og skráningu hatursglæpa gegn hinsegin fólki.

Mannréttindastofnun Íslands telur þó brýnt að stjórnvöld setji sér stefnu og aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu. Er það einkum í ljósi þess að hin síðari ár hefur hatursorðræða gegn hinsegin fólki, innflytjendum og flóttafólki færst í vöxt og orðræða sem talin hefði verið óhugsandi fyrir nokkrum árum er nú jafnvel hluti af daglegu tali fólks, án þess að það vekji sérstaka eftirtekt. Á 153. löggjafarþingi lagði þáverandi ríkisstjórn fram tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn hatursorðræðu en hún náði ekki fram að ganga. Hvetur stofnunin til þess að áætlunin verði lögð fram að nýju eða að unnið verði að nýrri stefnu og aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu.

3. Mannréttindastofnun Íslands fagnar aðgerð nr. 19 um að sett verði reglugerð til að til að skýra hlutverk teymis barna- og unglingsgeðdeildar Landspítalans um kynvitund, hvað varðar þjónustu við einstaklinga sem falla undir lögin og hvaða sérfræðiþjónustu sé nauðsynlegt og heimilt að veita þeim sem leita eftir þjónustu teymisins. Sama gildir hvað varðar aðgerð 21, um skýrari afmörkun á hlutverki Landspítala í veitingu kynstaðfestandi heilbrigðisþjónustu. Stofnunin hvetur til að þess verði gætt að þessi vinna fari fram sem fyrst. Í þessu sambandi vill stofnunin einnig áréttta mikilvægi þess að veita nægu fé og stuðningi til starfa transteyma, fullorðins- og barnateymis, á Landspítala. Staðan hefur vissulega batnað í seinni tíð og mikilvægt er að þeim árangri verði við haldið og bætt í. Enn er umtalsverð bið eftir meðferð transfólks og brýnt að bæta úr.
4. Mannréttindastofnun Íslands fagnar einnig aðgerð 18 um stuðning við börn með ódæmigerð kyneinkenni og forsjáaðila. Gert er ráð fyrir að aðgerðin rúmist innan fjárheimilda, en stofnunin áréttar mikilvægi þess að fjárskortur hamli ekki innleiðingu aðgerðarinnar og tryggð verði sú þjónusta og verklag sem þar er mælt fyrir um.

Í aðgerð 18 er komið inn á framkvæmd Landspítalans á ákvæðum laga um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019 þegar kemur að börnum með ódæmigerð


kyneinkenni (intersex börnum). Stofnunin fagnar því sérstaklega að stefnt sé að því að efla eftirlit með innleiðingu laganna, t.a.m. hvað varðar skráningu. Á það sérstaklega við í ljósi þess að töluvert virðist hafa skort upp á lögnum sé fylgt eftir í framkvæmd að þessu leyti og má í því sambandi m.a. benda á grein eftir Daniela Alaattinogly og Kára Hólmar Ragnarsson sem birtist í *European Human Rights Law Review* fyrr á þessu ári ([\*A Castle in the Sky? The Icelandic Ban on Non-Therapeutic, Non-Consensual Interventions on Intersex Children in Context\*](#)). Í ljósi þess hversu mikilvægur þessi þáttur aðgerðarinnar er telur stofnunin jafnvel ástæðu til að skipta aðgerð 18 upp í tvær aðgerðir, þannig eftirfylgni með framkvæmd ákvæða laganna um líkamlega friðhelgi intersex barna verði sérstök aðgerð. Samhliða þeirri vinnu mætti taka til skoðunar hvort rétt sé að endurskoða þær sérreglur sem gilda um varanlegar breytingar á kyneinkennum barna í ákveðnum tilvikum, sbr. 5. mgr. 11. gr. a. laga um kynrænt sjálfræði.

5. Aðgerðir nr. 32, 33 og 34 taka til umsækjenda um alþjóðlega vernd og í greinargerð með drögnum segir að í vinnu við aðgerðir í þágu hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd hafi verið litið til ábendinga ILGA Europe og nýútkominnar skýrslu Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands um réttindi umsækjenda um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Mannréttindastofnun Íslands styður framangreindar aðgerðir og fagnar viðleitni við að bæta stöðu hinsegin umsækjenda um alþjóðlega vernd. Hins vegar veltir stofnunin fyrir sér hvort raunhæft sé að aðgerðirnar rúmist innan fjárheimilda og hvort ekki ætti að veita sérstöku fjármagni í þær til að koma þeim á fót og viðhalda.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um aðgerðaáætlunina eða önnur málefni sem varða mannréttindi hinsegin fólks.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands